

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Reykjavík, miðvikudagur, 24. maí 2023
UST202305-265/P.B.S.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn frá Ugga Ævarssyni, dagsett þriðjudaginn, 23. maí 2023, þar sem sótt er um leyfi fyrir grisjun birkis við göngustíg og losun jarðvegs/vikurs við Stöng innan landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal. Verkefnið er hluti af stærri framkvæmd þar sem verið er að endurnýja skálann yfir Stöng.

Landslagsverndarsvæði Þjórsárdal er friðlýst sbr. auglýsingu nr 110/2020. Framkvæmdir, aðrar en vernd og endurheimt birkiskóga, sbr. 11. gr., á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn Minjastofnunar Íslands. Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miða að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun svæðisins og öryggi gesta.

Lýsing verkefnis:

Markmið framkvæmdarinnar er að bjarga menningarminjum og léttu álag ferðamanna og vatnsaga á minjarnar.

- Áætlað er að fara í verkefnið í maí-júlí 2023.
- Staðsetningin innan svæðis er við Stöng í Þjórsárdal.
- Áætluð framkvæmd er í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir sveitafélagsins og sveitarfélagið hefur veitt leyfi fyrir framkvæmdinni.
- Fjöldi starfsmanna sem koma að verkefninu eru 2-6.
- Engin mannvirki eða salernisaðstaða verða sett upp.
- Vinnuvélar þurfa að fara eftir göngustígnum frá bílastæði við Rauðá að Stangarrústinni.
- Fara þarf c. 50m út af vegslóða til að losa efni þar sem efni hefur áður verið losað.

Grisjun/sögun birkis hefur áhrif á gróður en greinarnar verða notaðar til uppgræðslu. Losun jarðvegs/vikurs verður þar sem sama efni er fyrir, þ.e. jaðvegur/vikur. Framkvæmdaraðili mun laga til eftir framkvæmdirnar með því að þökuleggja eða sá fræi, í samráði við Umhverfisstofnunar, þar sem dekk vinnuvéla fara í gegnum grassvörðinn. Landið verður sléttað áður eins og passar.

Verkþættir þeir sem hér er sótt um leyfi fyrir eru hluti af því stóra verkefni að laga aðgengi og upplifun gesta að Stöng og að koma málum þannig fyrir að vernd minjanna verði með sem bestu móti.

Áhrifamat:

Verkefnið er líklegt til að hafa áhrif á náttúrufer svæðisins þar sem grisja þarf birkiskóg meðfram gömlum slóða sem liggur frá bílastæði upp að Stangarbænum. Áhrifin eru þó að mestu tímabundin og með skilyrðum er þó hægt að lágmarka neikvæð áhrif. Birkiskógar njóta sérstakrar verndunar skv. 61 grein náttúruverndarlaga. Opna þarf þriggja metra breitt, trjálaust beltí upp að bænum til að hægt sé að koma upp gröfu sem og opna leið fyrir birgðaflutninga vegna framkvæmda á skálanum yfir

minjunum. Svæðið sem þarf að grisja er þó lítið og á hluta leiðarinnar er ekki þörf á grisjun. Líklegt er að gestir verði fyrir truflun á meðan framkvæmdum stendur. Unnið verður að endurheimt og sáningu að verki loknum, ásamt því að öll ummerki um akstur utan vega verða afmáð.

Samkvæmt samtali við Minjastofnun voru skoðaðar aðrar leiðir til að komast að Stöng og þær komu ekki til greina. Eina leiðin sem raunhæft var að keyra endar á gamla bæjarhólnum sem er friðlýstur minjastaður og þar hefði því þurft að aka þvert yfir minjarnar.

Jarðvegur sem upp kemur við vinnuna við skálann verður settur niður á stað skammt frá Stöng. Að mestu leyti er um að ræða vikur sem síðan verður losaður í gróðurlausar vikurbreiður skammt vestan við Stöng. Þar hafa jarðefnum áður verið dreift vegna annarra framkvæmda við Stönga með góðri reynslu og áhrifin á náttúrufar lítil sem engin, enda samlagast vikurinn sem kemur upp við framkvæmdina þeim vikri sem honum verður dreift á.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun veitir Minjastofnun fyrir sitt leyti leyfi fyrir grisjun birkis við göngustíg og losun jarðvegs/vikurs innan landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal. sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Takmarka skal grisjunina eins og kostur er er hægt að lágmarka umhverfisáhrif verkefnisins.
- Hlifa skal birkitrjám við grisjun og þau færð til eins og hægt er.
- Að verki loknu skal umsækjandi vinna að endurheimt gróðurþekju og birkitrjám í samráði við Umhverfisstofnun
- Afmá öll ummerki um akstur utan vega svo ekki verði varanleg för í gegnum birkiskóginn.
- Slétta skal úr þeim jarðvegi/vikri sem losað verður úr húsagrunninum svo að hann aðlagist umhverfi sínu
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir

sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson

svæðissérfræðingur